

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2006

**Umsögn Landverndar vegna frumvarps um breytingu á lögum um Orkustofnun.**

Á þeim stutta tíma sem veittur var til umsagnar um frumvarp þetta hafa samtökin fundið tvö atriði sem þyrfti að umorða í frumvarpinu. Í 3. gr. segir m.a: „ Í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skal sérgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.“


Hér ætti heldur að segja: „Í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skal aðgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.“

eða jafnvel: „Í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skal tilgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.“

Í 2. tölulíð athugasemdanna segir m.a: „... en Orkustofnun gerir samninga um verkefni fyrir hönd ríkisins um viðkomandi orkurannsóknir.“

Ákvæðið ætti heldur að orðala með þessum hætti: „... en Orkustofnun gerir samninga um verkefni fyrir hönd ríkisins um viðkomandi orkurannsóknir og auðlindarannsóknir.“

Virðingarfyllst



Bergur Sigurðsson,  
framkvæmdastjóri Landverndar.